

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1240/2015 um framkvæmd áreiðanleikakannana vegna upplýsingaöflunar á sviði skattamála.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

a. 5. tölul. orðast svo:

Innlánsstofnun: lögaðili sem:

- a. tekur við innlánum í venjulegri bankastarfsemi eða sambærilegri viðskiptastarfsemi; eða
- b. varðveitir í þágu viðskiptavina tilgreindar rafrænar peningaafurðir eða rafeyri útgefinn af seðlabanka.

b. Eftirfarandi breytingar verða á 6. tölul.:

- i. Á eftir orðinu „fæst“ í a-lið 1. mgr. kemur: fyrst og fremst.
- ii. Í stað orðanna „eða fjármuna“ í iii. lið a-liðar 1. mgr. kemur: , fjármuna eða viðeigandi sýndareigna.
- iii. Á eftir orðinu „eignum“ í b-lið 1. mgr. kemur: og viðeigandi sýndareignum.
- iv. Í stað orðanna „stjórnað af“ í b-lið 1. mgr. kemur: stýrt af.
- v. Í stað „stjórna“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: stýra.
- vi. Á eftir orðinu „eignum“ 1. málsl. 2. mgr. kemur: eða viðeigandi sýndareignum.
- vii. Á eftir 2. málsl. 2. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Hugtakið „annars konar fjárfestingu, umsýslu eða stýringu sjóða, fjármuna eða viðeigandi sýndareignir fyrir hönd annarra aðila“ felur ekki í sér þá þjónustu að framkvæma skiptifærslur fyrir eða fyrir hönd viðskiptavina í skilningi iii. liðar í a-lið 1. mgr. 6. tölul.

c. Á eftir orðunum „í verðbréfum,“ í 7. tölul. kemur: viðeigandi sýndareignum,.

d. Á eftir 8. tölul. bætast sex nýir töluliðir, númeraðir frá 8.1. til 8.6, sem orðast svo:

- 8.1 Tilgreindar rafrænar peningaafurðir (*e. Specified Electronic Money Product*): Sérhver afurð sem er:
- a. stafræn framsetning á einum hefðbundnum gjaldmiðli;
 - b. gefin út við móttöku fjármagns í þeim tilgangi að framkvæma greiðslur;
 - c. endurspeglar kröfu á útgefanda sem tilgreind er í sama hefðbundna gjaldmiðlinum;
 - d. móttækileg sem greiðsla hjá einstaklingi eða lögaðila, öðrum en útgefanda; og
 - e. innleysanleg að kröfu handhafa, hvenær sem er og að sama innlausnarverði og sami hefðbundni gjaldmiðillinn, í samræmi við þær reglur sem útgefandinn lýtur.

Hugtakið „tilgreindar rafrænar peningaafurðir“ nær ekki til afurða sem útbúna hafa verið með þann eina tilgang að auðvelda millifærslu fjármagns frá einum viðskiptavini til annars aðila samkvæmt fyrirmælum viðskiptavinarins. Afurð telst ekki hafa verið útbúin með þann eina tilgang að auðvelda millifærslu fjármagns í venjulegum rekstri millifærsluaðilans ef fjármagn tengt slíkri afurð hefur verið í vörslu millifærsluaðilans lengur en 60 daga eftir móttöku fyrirmæla um framkvæmd millifærslunnar eða fjármagn verið í vörslu millifærsluaðilans lengur en 60 daga hafi engin fyrirmæli borist.

- 8.2 Rafeyrir útgefinn af seðlabanka: stafræn framsetning á einum hefðbundnum gjaldmiðli sem seðlabanki gefur út.

- 8.3 Hefðbundinn gjaldmiðill (valdboðsgjaldmiðill *e.* Fiat Currency): Opinber gjaldmiðill lögsagnarumdæmis, útgefin af því eða tilnefndum seðlabanka þess eða peningamálayfirvaldi (*e.* Monetary Authority), táknður með seðlum, mynt eða peningum í ýmsum stafrænum formum, þar með talin peningaforði banka (*e.* bank reserve) og rafeyrir útgefinn af seðlabanka. Hugtakið nær einnig til peninga sem útgefnir eru af viðskiptabanka og rafrænar peningaafurðir (tilgreindar rafrænar peningaafurðir teljast hér með).
- 8.4 Sýndareignir: Stafræn framsetning verðmæta sem byggir á dulritunarvarinni dreifðri höfuðbók (*e.* cryptographically secured distributed ledger) eða svipaðri tækni til að sannreyna og tryggja færslur.
- 8.5 Viðeigandi sýndareignir: Sérhver sýndareign sem er ekki rafeyrir útgefinn af seðlabanka, tilgreindar rafrænar peningaafurðir eða sérhver sýndareign sem skilaskyldur þjónustuveitandi sýndareigna hefur með fullnægjandi hætti ákvarðað að ekki sé unnt að nota hana í greiðslu- eða fjárfestingartilgangi.
- 8.6 Skiptifærslur: Sérhver:
- a. skipti á viðeigandi sýndareign og hefðbundnum gjaldmiðli; og
 - b. skipti milli einnar eða fleiri tegundar af viðeigandi sýndareign.
- e. Eftirfarandi breytingar verða á 9. tölul.:
- i. liður orðast svo:
opinberan lögaðila, alþjóðastofnun eða seðlabanka. Þetta á þó ekki við ef:
 - i. framangreindir aðilar taka við greiðslu sem er rakin til skuldbindinga í tengslum við viðskiptalega fjármálastarfsemi af þeim toga sem tilgreint váttryggingafélag, vörslustofnun eða innlánsstofnun stundar; eða
 - ii. framangreindir aðilar viðhalda rafeyri útgefnum af seðlabanka fyrir reikningshafa sem ekki eru fjármálastofnun, opinber lögaðili, alþjóðastofnun eða seðlabanki.
 - ii. Í stað „6. mgr.“ í e-lið kemur 9. mgr.
- f. 19. tölul. orðast svo:
Innlánsreikningur: allir veltureikningar, sparireikningar, tímabundnir reikningar eða sparnaðarreikningar sem eru vottaðir með innlánsskilríki, sparnaðarskilríki, fjárfestingarskilríki, skuldsetningarskilríki eða öðru álíka skjali sem innlánsstofnun heldur úti. Innlánsreikningur tekur einnig til:
- a. fjárhæðar sem váttryggingafélag hefur undir höndum samkvæmt tryggðum fjárfestingasamningi eða álíka samkomulagi um að greiða eða færa til tekna lánsvexti inn á hana;
 - b. tilgreindar rafrænar peningaafurðir sem varðveittar eru á reikningi eða sýndarreikningi í þágu viðskiptavinar; og
 - c. einn eða fleiri rafeyrir útgefinn af seðlabanka sem varðveittur er á reikningi í þágu viðskiptavinar.
- g. Við 26. tölul. bætist: eða ef reikningur er meðhöndlaður sem fjárhagsreikningur eingöngu með skírskotun til viðauka við hinn samræmda staðal um upplýsingagjöf (*e.* Common Reporting Standard - CRS) frá og með 31. desember 2025.
- h. Við 27. tölul. bætist: eða ef reikningur er meðhöndlaður sem fjárhagsreikningur eingöngu með skírskotun til viðauka við hinn samræmda staðal um upplýsingagjöf frá og með 1. janúar 2026.
- i. Á eftir ii. lið e-liðar 34. tölul. bætast 3 nýir undirtöluliðir, númeraðir frá iii. til v. sem orðast svo:
- iii. Skyldu fjármálastofnunar, sem veitir lán sem tryggt er með fasteign, til að leggja til hliðar hluta af greiðslu eingöngu til síðari greiðslu skatta eða trygginga sem tengjast fasteigninni.
 - iv. Skyldu fjármálastofnunar eingöngu til síðari greiðslu skatta.

- v. Stofnun eða hlutafjárukningu félags að því tilskildu að reikningurinn uppfylli eftirfarandi skilyrði:
- i. reikningurinn er eingöngu notaður til að leggja inn fjármagn sem nota á til stofnunar eða hlutafjárukningar félags, eins og kveðið er á um í lögum;
 - ii. allar fjárhæðir sem geymdar eru á reikningnum eru læstar þar til tilkynningarskyld fjármálastofnun fær óháða staðfestingu varðandi stofnunina eða hlutafjárukninguna;
 - iii. reikningnum er lokað eða hann færður inn á reikning á nafni félagsins eftir stofnunina eða hlutafjárukninguna;
 - iv. allar endurgreiðslur sem leiða af stofnun eða aukningu hlutafjár sem ekkert varð úr, að frádregnum þjónustugjöldum og svipuðum gjöldum, eru eingöngu greiddar til þeirra aðila sem lögðu til fjárhæðirnar; og
 - v. reikningurinn var ekki stofnaður fyrir meira en 12 mánuðum.
- j. Nýr töluliður númeraður e.1, kemur á eftir e-lið 34. tölul. sem orðast svo: Innlánsreikningur sem nær yfir allar tilgreindar rafrænar peningaafurðir sem varðveittar eru fyrir hönd viðskiptavinar, að því gefnu að 90 daga meðaltal samanlagðrar stöðu eða virðis reikningsins í lok dags yfir 90 samfellda daga tímabil fór ekki yfir 10.000 bandaríkjadali á neinum degi á almanaksárinu eða öðru viðeigandi reikningsskilatímabili.
- k. Eftirfarandi breytingar verða á 36. tölul.:
- i. Í stað „fyrirtæki“ í a-lið kemur: eining.
 - ii. b-liður orðast svo: einingar sem eru aðilar tengdir einingu sem lýst er í a.-lið;
- l. Nýr töluliður bætist við sem orðast svo: Opinber staðfestingarþjónusta: Rafrænt ferli sem tilkynningarskyld lögsagnarumdæmi gerir tilkynningarskyldri fjármálastofnun aðgengilegt í þeim tilgangi að sannreyna hver reikningshafi eða ráðandi aðili er og hvar hann hefur skattalegt heimilisfesti.

2. gr.

Við ii-lið b-liðar 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar bætist: „að því gefnu að slíkar verklagsreglur séu í samræmi við tilmæli FATF frá 2012. Ef tilkynningarskyldri fjármálastofnun er ekki lagalega skyld að fara eftir reglum um að kanna deili á viðskiptavini sem eru í samræmi við tilmæli FATF frá 2012 verður hún að beita í meginatriðum svipuðum verklagsreglum (e. AML/KYC Procedures) til að ákvarða hver ráðandi aðilinn sé.“

3. gr.

Við 2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Í undantekningartilvikum, þar sem tilkynningarskyld fjármálastofnun getur ekki fengið yfirlýsingu reikningshafa vegna nýs reiknings í tæka tíð til að uppfylla skyldur sínar um áreiðanleikakönnun og skýrslugjöf varðandi reikningsskilatímabilið þegar reikningurinn var opnaður, verður tilkynningarskylda fjármálastofnunin að beita áreiðanleikakönnunarferlum fyrir fyrirliggjandi reikninga þar til slík yfirlýsing reikningshafa hefur verið fengin og staðfest.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. reglugerðarinnar:

a. a-liður 1. mgr. verður að þremur tölusettum liðum frá i-iii og orðast svo:

1.

- i. Nafn, heimilisfang, heimilisfestarríki, kennitölu(r) eða skattkennitölu(r) (e. Taxpayer Identification Number, TIN), ásamt fæðingardegi og fæðingarstað (þegar um einstakling er að ræða) hvers tilkynningarskylds aðila sem er reikningshafi og hvort reikningshafi hafi lagt fram gilda yfirlýsingu reikningshafa;

- ii. Ef reikningshafi er lögaðili og áreiðanleikakönnun skv. 8., 9., 10. og 11. gr. leiðir í ljós að um einn eða fleiri ráðandi tilkynningarskyldan aðila er að ræða skal jafnframt veita upplýsingar um nafn, heimilisfang, heimilisfestaríki, kennitölu(r) eða skattkennitölu(r), (e. Taxpayer Identification Number, TIN) ásamt fæðingardegi og fæðingarstað hvers og eins ráðandi aðila ásamt hlutverki því sem hver tilkynningarskyldur aðili gegnir í krafti þess að vera ráðandi aðili einingar og hvort gild yfirlýsing reikningshafa hafi verið lögð fram fyrir hvern tilkynningarskyldan aðila; og
- iii. Hvort reikningur sé sameiginlegur reikningur, ásamt fjölda eigenda sameiginlegs reiknings.
- b. Við b-lið 1. mgr. bætist: , tegund reiknings og hvort reikningurinn sé eldri reikningur eða nýr reikningur.
- c. Við d-lið 1. mgr. bætist: og að reikningi hafi verið lokað, sé um að ræða óvirkan reikning, reikningsstöðu eða virði við lok viðeigandi almanaksárs eða annars viðeigandi reikningsskilatímabils og að reikningur sé óskráður reikningur.
- d. Í lok f-liðar 1. mgr. fellur niður „og“.
- e. Á eftir f-lið 1. mgr. bætist nýr stafliður, sem verður merktur f.1., sem orðast svo: ef um er að ræða eignarhlut tilkynningarskylds aðila í fjárfestingaraðila, þá hvaða hlutverki tilkynningarskyldi aðilinn gegnir í krafti eignaraðildar; og
- f. Við 4. mgr. bætist: og hvenær henni bar skylda til að uppfæra upplýsingar varðandi eldri reikning til að kanna deili á viðskiptavini (e. AML/KYC Procedures).
- g. Á eftir 5. mgr. bætist ný málsgrein, sem verður 6. mgr., sem orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði í ii. lið e-liðar 1. mgr. og að því tilskildu að tilkynningarskyld fjármálastofnun kjósi annað varðandi skýrt skilgreindan hóp af reikningum, er ekki skylt að tilkynna brúttóhagnað af sölu eða innlausn fjármálaeignar að því marki sem slíkur brúttóhagnaður af sölu eða innlausn slíkrar fjármálaeignar er tilkynntur af tilkynningarskyldri fjármálastofnuninni samkvæmt alþjóðlegu regluverki um skýrslugjafarskil þjónustuveitenda sýndareigna (e. Crypto-Asset Reporting Framework - CARF).
- h. Á eftir 6. mgr. bætist ný málsgrein, sem verður 7. mgr., sem orðast svo:
Tilkynningarskyld fjármálastofnun skal skráð hjá skattyfirvöldum eigi síðar en 30 dögum frá stofnun hennar eða upphafi starfsemi sem veldur tilkynningarskyldu. Skráning skal vera á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Fjármálastofnun sem ekki telur sig falla undir skráningarskyldu skal tilkynna skattyfirvöldum um afstöðu sína með skriflegri greinargerð eigi síðar en 30 dögum frá stofnun hennar eða frá því að fjármálastofnun telur tilkynningarskyldu niður fallna. Ríkisskattstjóri úrskurðar um tilkynningarskyldu innan 30 daga. Vanræki fjármálastofnun skyldu sína getur það varðað viðurlögum. Við skráningu skal veita upplýsingar um nafn, heimilisfang og sveitarfélag og tegund fjármálastofnunar eða ástæður þess að tilkynningarskylda telst ekki til staðar. Ef breyting verður á uppgefnum upplýsingum eftir skráninguna, þ.m.t. ef fjármálaafyrirtæki eða lögaðili lætur af starfsemi sem var grundvöllur tilkynningarskyldu skal tilkynna skattyfirvöldum um það. Ef villur eru í skráðum upplýsingum skal fjármálastofnun tilkynna skattyfirvöldum um það skriflega innan 30 daga frá því að breytingin á sér stað eða villan uppgötvast.

5. gr.

13. gr. reglugerðarinnar ásamt fyrirsögn orðast svo:

Skylda til áreiðanleikakannana, skráningar og tilkynninga.

Eftirlit og viðurlög.

Tilkynningarskyldum fjármálastofnunum samkvæmt reglugerð þessari er skylt að framkvæma áreiðanleikakannanir á viðskiptamönnum í samræmi við III. kafla, skrásetja starfsemi og skila ríkisskattstjóra

tilskildum upplýsingum í samræmi við 12. gr.

Ríkisskattstjóri fer með eftirlit með framkvæmd fjármálastofnana samkvæmt reglugerð þessari, þar á meðal framkvæmd áreiðanleikakannana, skráningu og skil á upplýsingum innan tilskilinna tímamarka. Um framkvæmd eftirlits og málsmeðferð fer samkvæmt IX.–XI. kafla reglugerðar þessarar og ákvæðum XII. kafla laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Ef fjármálastofnun vanrækir að uppfylla skyldur samkvæmt reglugerð þessari er ríkisskattstjóra heimilt að setja fram kröfu um að úrbætur séu gerðar innan tiltekins frests og leggja á dagsektir samkvæmt 92. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Fjármálastofnun sem af ásetningi eða af stórfelldu gáleysi framkvæmir ekki áreiðanleikakannanir samkvæmt III. kafla, vanrækir skráningu eða skilar ekki upplýsingum samkvæmt 12. gr. innan tilskilinna tímamarka eða veitir rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar, skal refsað með sekt nema strangari refsing liggi við brotinu samkvæmt 92. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

6. gr.

Á eftir 13. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein 14. gr. ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Dagsektir:

Ef fjármálastofnun framkvæmir ekki skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari innan þess frests sem ríkisskattstjóri hefur veitt, er heimilt að leggja á dagsektir frá lokum frestsins og þar til viðkomandi skylda hefur verið uppfyllt samkvæmt 92. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Fjárhæð dagsekta skal taka mið af umfangi og eðli vanrækslunnar og fjárhagslegri stöðu viðkomandi aðila.

Ríkisskattstjóri skal áður en dagsektir eru ákveðnar senda viðkomandi aðila tilkynningu þess efnis og veita 15 daga frest til að koma á framfæri andmælum.

Ef sérstaklega stendur á getur ríkisskattstjóri felld niður eða lækkað álagðar dagsektir að hluta eða öllu leyti, enda séu málefnaleg rök fyrir slíku.

7. gr.

Núverandi 13. gr. reglugerðarinnar um gildistöku verði 15. gr. sem orðast svo:

Reglugerð þessi, sem sett er með stöð í 9. mgr. 92. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, tekur þegar gildi.

8. gr.

Við reglugerðina bætist eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

A. Viðaukar við hinn samræmda staðal um upplýsingagjöf (e. Common Reporting Standard) taka gildi frá 1. janúar 2026.

B. Þrátt fyrir ákvæði A-liðar þarf eingöngu að tilkynna upplýsingar um hlutverk sem tilkynningarskyldur aðili gegnir í krafti þess að hann er ráðandi aðili eða vegna eignarhlutdeildar samkvæmt ákvæðum ii. liðar í a-lið 12. gr. og f.1.-liðar 12. gr., varðandi hvern tilkynningarskyldan reikning sem tilkynningarskyld

fjármálastofnun hefur í vörslu sinni þann 31. desember 2025 og vegna reikningsskilatímabíla sem enda eigi síðar en á öðru almanaksári eftir þann dag, ef slíkar upplýsingar eru tiltækar í rafrænum leitarhæfum gögnum sem eru í vörslu hennar.

9. gr.

Fylgiskjöl við reglugerðina falla brott.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 9. mgr. 92. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, tekur þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 23. desember 2025.

F. h. r.

Helga Jónsdóttir.

Vilmar Freyr Sævarsson.

B deild - Útgáfudagur: 30. desember 2025